

Vinur minn, vindurinn

Höfundur texta og mynda: Bergrún Íris Sævarsdóttir
Bókabeitan, 2014
Var tilnefnd til Barna- og unglingsbókaverðlauna Norðurlandaráðs 2015

Söguþráður: Þessi litla saga hjálpar okkur að tala um íslenska veðrið sem er þekkt fyrir að breytast þegar minnst varir. Einnig er hægt að ræða veðurfyrirbæri, hvernig er umhorfs úti í náttúrunni og hvernig til dæmis rigning og vindur hafa áhrif á okkur.

Efnisorð: Veður, náttúra, tilfinningar, líkamstjáning, árstíðir.

Samtöl og leikur:

SKOÐA-LESA með yngstu börnunum

Skoðið myndirnar með barninu. Hversu oft bregður kettinum fyrir? Kunnið þið einhver lög um veðrið?

LEIKSKÓLABÖRN

1. Skoðaðu kápumyndina. Um hvað heldurðu að bókin sé?
2. Í lok bókarinnar sérðu gúmmístígvél. Átt þú gúmmístígvél? Hvernig líta þau út? Hvað er hægt að gera þegar við erum í gúmmístígvélum? Teiknaðu stígvélina þín.
3. Í bókinni eru mörg lauf. Hvað þýðir það þegar lauf breyta um lit? Líttu út um gluggann. Sérðu einhver lauf? Hvernig eru þau á litinn?
4. Búðu til klippimynd með alls konar laufum. Annað hvort raunverulegum laufum eða útklipptum laufum.

BÖRN KOMIN Á SKÓLAALDUR

1. Skoðaðu mismunandi svipbrigði kattarins. Hvað heldurðu að þessi svipbrigði tákni? Hvernig myndirðu lýsa mismunandi veður­fyrirbærum með svipbrigðum?
2. Líttu út um gluggann eða farðu í gönguferð, hvernig er veðrið í dag? Teiknaðu/litaðu gluggann og veðrið úti.



ISBN 978-952-7490-73-0

3. Teiknaðu lauftré, eitt fyrir hverja hinna fjögurra árstíða. Ræðið síðan árstíðarnar.

4. Hvernig er veðurspáin fyrir næstu daga? Skoðið saman og ræðið í hópnum veðrið sem er framundan.

BÖRN SEM LESA SJÁLF

1. Á íslensku er til nýtt orð til að lýsa veðri, gluggaveður. Það þýðir að veðrið líti út fyrir að vera betra þegar horft er á það gegnum glugga en það er í raun og veru. Geturðu búið til orð um veðrið úti? Detta þér í hug fleiri ný orð um mismunandi veður?
2. Veljið fimm orð sem lýsa alls konar veðri og skrifið stutt ljóð með þessum orðum.
3. Í íslensku eru til meira en 58 orð um snjó. Af hverju ætli orðin séu svona mörg? Hvað detta þér í hug mörg orð um snjó á þínu móðurmáli?
4. Hvers vegna heldurðu að Íslendingar séu alltaf að tala um veðrið? Ræðið saman tvö og tvö.
5. Skrifið lista yfir alls konar veður­fyrirbæri og búið til minnis­pil með þeim.
6. Hvað veist þú um veðurfar á Íslandi? Kannaðu það og skrifaðu fróðleiksmola.

AÐRAR BÆKUR SEM GÆTI VERIÐ GAMAN AÐ LESA:

Naturen. Höfundur: Emma Adbåge

Guovssu guovssahasat. Höfundar: Karen Anne Buljo og Inga-Wiktoria Påve

MÁLAMOLI

"Veður"

svensk



Väder

dansk



Vejr

norsk



Vær

islandsk



Veður

færøysk



Veður

grønlandsk



Sila

finsk



Sää

nordsamisk



Dálki



Merkið myndir af lesstundinni ykkar með [#nordiskabokslukaren!](#)